



æðri menntun og prófgráður sem eru kerfisbundin lýsing á prófgráðum og lokaprófum þar sem lögð er áhersla á almenna lýsingu á þeirri þekkingu, hæfni og færni sem námsmenn hafa tileinkað sér í lok náms síns. Viðmið um prófgráður á háskólastigi eru hliðstæð þeim færniviðmiðum sem að ofan eru nefnd og falla að sumu leyti saman við EQF-kerfið.

UM HÖFUNDINN

Ólafur Grétar Kristjánsson er með sveinspróf í stálvirkja-smíði, fil.kand.-próf frá Lundi í félagsfræði og hagsögu, BA-próf í íslensku frá HÍ, kennsluréttindi í íslensku frá sama skóla og meistaraþróf í opinberri stjórnsýslu, einnig frá Háskóla Íslands. Hef starfað í menntamálaráðuneytinu s.l. 10 ár. Meðal málaflokka sem ég hef komið að eru starfsmenntun, námskrármál, fullorðinsfræðsla, auk alþjóðlegs samstarfs um þessi efni.

HVAÐ ÁTTU VIÐ?

Eins og í fyrri tölublöðum Gáttar munum við velta fyrir okkur nokkrum hugtökum sem varða viðfangsefni Fræðslumiðstöðvarinnar. Settar eru fram tillögur að íslenskum þýðingum og skilgreiningum.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins gegnir því hlutverki að vera vettvangur samstarfs og umræðu um fullorðinsfræðslu og kennslufræði fullorðinna. Þeir sem þar starfa finna þörf fyrir að hugtök, sem notuð eru í umræðu um fræðslumál fullorðinna, séu skýrt skilgreind. Því höfum við fastan þátt í Gáttinni þar sem fjallað er um slík hugtök með það að markmiði að koma af stað umræðum og ná samkomu-

lagi um heppilega og samræmda notkun þeirra. Þessari hugtakaumfjöllun þarf síðan að fylgja eftir með því að fá áhugasama til að tjá sig. Innan Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins er starfandi hópur sérfræðinga sem stöðugt veltir fyrir sér heppilegri hugtakanotkun og prófar sig áfram með mismunandi hugtök.

Í fyrsta tölublaði Gáttar hófum við umræðuna um merkingu hugtaka á sviði fullorðinsfræðslu og héldum því áfram í öðru tölublaði. Að þessu sinni höfum við valið að setja fram skilgreiningar á nokkrum hugtökum sem eru notuð um námsaðferðir og nýja tækni.



| Hugtak á ensku: | Íslensk þýðing: | Merking / skilgreining: |
|---|-------------------------------------|--|
| Accelerated learning eða superlearning | Hraðnám Virkninám | Hugtakið er vítt og nær yfir tækni, aðferðir og nálgun við kennslu og nám. Kjarninn er sá að bestur árangur næst í námi ef öll skilningarvit eru nýtt ásamt tilfinningum, snertingu og hreyfingu. Dæmi um aðferðir sem falla undir hraðnám er notkun hugkorta, beiting tónlistar við nám, beiting fjölgreindarkenninga og minnistækni. |
| Learning style | Námsnálgun, námsstíll | Einstaklingsbundinn munur á nálgun og aðferðum sem henta fólki best við nám. Nokkrar mismunandi kenningar eru til og mörg mismunandi líkön. Dæmi um námsnálgunarlíkan er skipting í sjón-, heyrnar- og hreyfinálgun. |
| Wiki Learning wiki | Upplýsingapottur Námsefnispottur | Wiki er tegund af vefsíðu, n.k. upplýsingapottur, þar sem notendur geta lagt sitt af mörkum til að safna saman þekkingu. Notendur geta bætt við, breytt eða eytt því sem fyrir er. Dæmi um Wiki er Wikipedia sem er vefræn alfræðiorðabók www.wikipedia.com Dæmi um Learning wiki er www.learningwiki.com |
| Podcasting Learning podcasting | Netvarp Námvarp | Aðferð við að dreifa margmiðlunarefni, s.s. hljóð- og myndefni um Netið. Efnið má síðan spila í tölvu eða í stafrænum spilurum eins og iPod. Það sem er sérstakt við þessa aðferð er að boðið er upp á sjálfvirkni við að ná í efnið. Þannig er hægt að vera áskrifandi að daglegum pistlum, s.s. fréttatengdu efni eða fræðsluefni. |
| Mind mapping | Hugkort - hugkortavinna | Hugkort er teikning eða yfirlitsmynd sem samanstendur af texta, línunum/tengingum og myndum. Hlutum myndarinnar er raðað saman á merkingarbæran hátt þannig að atriði eru flokkuð saman og tengd til að sýna samhengi þeirra. |
| Google | Gúggla | Leita á Netinu t.d. með aðstoð Google-leitarvélarinnar. |
| Fingertip knowledge | Fingurgómaþekking Fingravit | Í víðasta skilningi er átt við þá miklu þekkingu sem við getum náð okkur í með uppfléttingu í leitarvélum á Netinu, s.s. Google |